

Nd.

296. Nefndarálit

[161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 31. des. 1982, um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

12. gr. 3. tl. hljóði svo:

Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunardeildum og sjúkradeildum fyrir aldraða, með jafnháu framlagi af mörkuðum tekjustofnum sjóðsins og nemur þeirri fjárhæð sem sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til þessara verkefna. Styrkur þessi skal teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983.

Alþingi, 20. des. 1983.

Pétur Sigurðsson,
form.

Guðmundur Bjarnason.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.

Guðmundur H. Garðarsson.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Helgadóttir,
frsm.

Ólafur G. Einarsson.